

128

9. des.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

2. gr.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

129

9. des.

L Ö G

um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. tölulið 22. gr. laganna bætist:

Þó er bæjarstjórn heimilt, þegar brýna nauðsyn ber til, að fengnu samþykki ráðherra, að hækka gjald þetta allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem ákveðin er hér að ofan, og að ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna, 50 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Hermann Jónasson.

130

19. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands, allt að 2 milljónir Bandaríkjadollara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. desember 1941.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jakob Möller.